

Ed.

71. Þingsályktun

um lán úr viðlagasjóði til að bæta jarðskjálftaskemdir í Rangárvallasýslu.

(Eins og hún var samþ. í Ed. 25. júlí).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að veita Rangárvallasýslu 25000 króna lán úr viðlagasjóði, til þess að bæta skemdir þær á bæjum og utanbæjarhúsum, sem urðu af jarðskjálftanum í sýslunni síðastliðið vor.

Lánið veitist gegn ábyrgð sýslunefndar Rangárvallasýslu, vaxtalaust, með jöfnum afborgunum á 10 árum.